



Hjálparstarf
kirkjunnar
actalliance

Starfsskýrsla 2010–2011

Fátækt og óréttlæti kalla á aðgerðir

Óháð og sjálfstætt vinnur Hjálparstarf kirkjunnar í þágu þeirra sem líða fátækt og óréttlæti – utanlands og innan. Að hjálpa til sjálfshjálpar og tala máli fátækra og undirokaðra er alltaf verkefni dagsins. Að draga fram kjör þeirra sem eiga sér ekki málsvara og ýta á aðgerðir sem breyta lífsmöguleikum þeirra, er markmið okkar. Þrúgandi neyð í sinni margslungnu mynd, heima og heiman, blasir við okkur. Með aðgerðum okkar viljum við mæta bæði þorpsbúanum á þurkkasvæðum Eþíópíu eða þeim sem hefur misst fótanna á Íslandi. Við vinnum MEÐ skjólstaðingum að lausn mála þeirra. Við virkjum þá til að ná árangri – með stuðningi okkar. Og hver erum við? Hvorki fugl né fiskur án framlaga almennings, fyrirtækja og stjórnvalda sem gera okkur kleift að nýta sérþekkingu okkar til árangurs á viðkvæmu og sérhæfðu sviði. Með þeim stuðningi – erum við farvegur þinn til árangursríkra verkefna.

Í þessu kveri færðu innsýn í aðgerðir Hjálparstarfs kirkjunnar. Virðing fyrir manneskjunni, kærleikur og ábyrgð er sá andi sem við viljum vinna í. Vert þú með okkur! Á öftustu síðunni sérðu hvernig þú getur lagt hjálparstarfi kirkjunnar lið. Já, kíktu bara. Þér gæti komið á óvart hvað það er auðvelt og skemmtilegt.

Um nánari upplýsingar vísast í aðgengilega og ítarlega ársskýrslu á www.help.is undir liðnum UM STARFID.

Framtíðarsýn án aðgerða er ekkert nema draumsýn. Aðgerðir án framtíðarsýnar eru martröð.

Japönsk spakmæli



Stór verkefni, lítil stofnun – kallar á samvinnu innanlands og erlendis

Kirkjur landsins

Rauði krossinn

Mæðrastyrksnefndir

Hjálpræðisherinn

Félagsþjónustan

Heilbrigðisstofnanir

Ráðuneyti

Þróunarsamvinnustofnun Íslands

Verkefnanefndir

● Aðstoð veitt um allt land í gegnum
● presta og félags- og námsráðgjafa

● Mataraðstoð og síðar á starfsárinu inneignarkort í
● matvöruverslanir fyrir barnafjölskyldur og þá sem búa utan
● starfssvæða annarra hjálparstofnana sem gefa mat

● Lyfjaaðstoð

● Glæraugnakaup

● Notuð föt gefin og afsláttur af notuðum húsgögnum

● Skólagjöld, bækur, tölvur og annar stuðningur við

● framhaldsskólanema

● Stuðningur við foreldra vegna skólabyrjunar grunnskólabarna

● Námsstuðningur við fullorðna í endurhæfingu

● Fjölskyldu- og einstaklingsráðgjöf

● Fjármálaráðgjöf og stuðningur til hagsýni og sparnaðar

● Markþjálfun

actalliance

111 kirkjur og kirkjutengdar hjálparstofnanir, þ.á.m. Hjálparstarf kirkjunnar, í 140 löndum með 33.000 starfsmenn og sjálfboðaliða sem veita neyðar- og þróunaraðstoð við hamfarir, stríðsástand og þar sem örbirgð ríkir. Stuðlar að réttlæti með því að þrýsta á stjórnvöld og alþjóðastofnanir um umbætur á sviði laga og efnahagsmála.

www.actalliance.org

Lútherska heimssambandið

145 aðilar, þ.á.m. Hjálparstarf kirkjunnar, í 79 löndum, fulltrúi 70 milljóna kristinna manna. Unnið er með heimamönnum á hverjum stað sem þekkja vandann af eigin raun, þekkja menningu, venjur og tungumál. Reynsla og hæfni á öllum sviðum þróunarsamvinnu. Aðstoð án tillits til orsakar neyðar, trúar né trúleysis. www.lutheranworld.org

Þróunarsamvinna

Indland
Eþíópía
Malaví
Úganda

Neyðaraðstoð

Pakistan
Eþíópía



Vatn af skornum skammti

Án vatns fellur allt annað um sjálft sig. Það sýndi sig í Eþíópíu í vetur þegar allur tími fólks fór í að sækja vatn langar leiðir meðan hinir biðu heima, kraftlausir til þróunarvinnu á svæðinu. Þá þurfti að sýna sveigjanleika, biða með verkefnin og keyra út vatn þar sem vatn var uppuríð. Þetta ástand átti eftir að versna víða í landinu og einnig í nágrennalöndum. Starfssvæði Hjálparstarfsins varð þó ekki allra verst úti og tókst með stuðningsaðgerðum að forða meiriháttar hörmungum og fólksflotta. En engin stöðugleikamerki sjást í veðramynstri. Rigningar virðast hafa eigin geðþótta. Áætlanir eru erfiðar. Hver og einn reynir að geta sér til um hvernær best sé að sá. Oft er það gert of fljótt eða of seint. Fólkið er þakklátt fyrir stuðning frá Íslandi. Hann er líflínan í einangruðum þorpum á harðbýlum svæðum sem stjórnmöld stundum hunsa. Þessa vegna vinna samstarfsaðilar Hjálparstarfsins með opinberum starfsmönnum, tengja þá og íbúana sem þeim ber skylda til að þjóna. Opinberir starfsmenn fengu þjálfun frá verkefninu til að sinna þeim betur. Fólkið lærir um rétt sinn, skattkerfi, opinbera þjónustu og hvers það megi vænta. Í vetur var gert við brunna. Fleiri vatnstankar fyrir rigningarvatn voru settir upp og vatnsþrær grafnar fyrir yfirborðsvatn. Því fylgja hreinsitöflur. Mikilli og reglulegri fræðslu var miðlað til íbúa og vatnsnefndanna sem sjá um viðhald búnaðar og eftirfylgni. Áveitur voru settar upp sem bæta nokkuð úr úrkomuleysi. Nýjar frætegundir, betri tól, sýnikennsla og skoðunarferðir juku mönnum framtaksemi. Skepnum voru gerðir sérstakar brynningarþrær sem kemur í veg fyrir smit í menn. Skepnum fjölgar í gegnum verkefnið. Tað viðheldur hringrás næringarefna í jarðvegi, afurðir eins og kjöt og mjólk bæta næringu, skinn og afkvæmi má selja fyrir nauðsynjum. Ásamt fiskeldi í tjörnum bætir skepnuhaldið úr fæðuóöryggi þar sem það er óháð veðri.

Eþíópía

- ✿ Samráðsfundir til markvissra lausna
- ✿ Kennð geymsla og meðferð vatns og matar heima við
- ✿ Kamrar gerðir, frætt um gildi þeirra
- ✿ Frætt um hreinlæti og sjúkdóma, ýtt undir hegðunarbreytingu
- ✿ Fræðsla um vernd og nýtingu jarðvegs og vatns
- ✿ Nýir plógar rista dýpra og ná í raka
- ✿ Nýjar þreskivélar spara vinnu

Malaví

- ✿ 23 borholur endurnýjaðar
- ✿ 20 vatnsnefndir fengu þjálfun
- ✿ 30 kamrar gerðir
- ✿ Uppistöðulón í 10 þorpum
- ✿ Bárújámþök á fimm byggingar til að safna rigningarvatni
- ✿ 20 vatnspumpur, áveituland stækkað
- ✿ 18.000 lítra miðlunargeymir reistur

Úganda

- ✿ Vatnstankar settir upp við hús fyrir rigningarvatn af þökum
- ✿ Kamrar og frumstæðir vaskar gerðir
- ✿ Sér eldhúsaðstaða og þvottagrindur fyrir leirtau auka hreinlæti

Inndand

- ✿ Herferð gegn sandnámi í ánni Palar sem sér héraðinu fyrir drykkjarvatni
- ✿ Barátta gegn spillingu og mannréttindabrotum vegna vatnshagsmuna

Eþíópía

- ✿ Námskeið um persónulegt hreinlæti, þrif heima, inni og úti
- ✿ Námskeið fyrir opinbera starfsmenn um áhrif HIV/ alnæmis á einstaklinga og samfélag
- ✿ Námskeið fyrir yfirsetukonur um smitleiðir og meðferð áhalda
- ✿ Plaköt og áróðursbolir eru sífelld áminning

Malaví

- ✿ Sýniskamrar reistir og fólki auðveldað að gera eigin
- ✿ Vaskar og vatnstankar spara erfiði og gera hreinlæti mögulegt

Úganda

- ✿ Barátta gegn fordómum. Frætt er um smitleiðir og áhættuhegðun
- ✿ Hús, kamrar, vatnstankar reistir fyrir munaðarlaus börn vegna alnæmis
- ✿ Fólki hjálpað til að komast í HIV-próf og sækja sér lyf



HIV /alnæmi

Í álfunni sem þekkt er fyrir útbreiðslu HIV og alnæmis er enn til fólk sem ekki veit hvernig sjúkdómurinn smitast, sem ekki veit að smitaðir eru á meðal þeirra, sem ekki vill fara í próf. Enda eru fordómar enn miklir. Þrátt fyrir að hlutfall smitaðra hafi lækkað mikið þá var eins og komið væri að ósýnilegum mörkum. Erfitt var að fækka þeim meira. Lausnin reyndist liggja í því að fá HIV-smitaða til að taka þátt í fræðslunni. Þeir voru sönnun þess að HIV-smit væri áþreifanleg ógn og þeir gátu svarað spurningum sem aðrir gátu ekki. Með því að hjálpa svo fólki í próf og síðar að nálgast lyf reglulega hefur verkefnið náð árangri. Með íbúum er farið yfir skaðlegar venjur, illar í sjálfu sér, en sem auk þess bera með sér gríðarlega smithættu t.d. á HIV-veirunni. Trúarleiðtogar og þorpsleiðtogar sem geta haft áhrif á fólkið sitt eru virkjaðir til að leiða breytingar á hegðun og draga úr smithættu. Umræðan þarf þó að vera stöðug og bolir og plaköt eru sífelld áminning í þorpunum. En hjá mörgum er skaðinn skeður. Munaðarlaus börn fá reglulegar heimsóknir ráðgjafa, sem fræðir og liðsinnir. Þau lifa áfram og njóta stuðnings verkefnis Hjálparstarfsins á margan hátt.





Börn

Forskólar, kvöldskólar, grunnskólar, framhaldsskólar. Hjá samstarfsaðilum Hjálparstarfs kirkjunnar á Inlandi, iða þessir skólar af lífi – lífi barna sem án stuðnings hefðu aldrei átt sér aðra framtíð en í þrælavinnu í steinnámum, verksmíðjum, te húsum, á ökrum eða við vefnað. Þau eru börn stéttlausra. Útskúfuð og mismunað. Mannréttindasamtökin Social Action Movement fræða börnin um réttindi sín og nauðsyn þess að læra til að brjótast út úr fátækt. Skuldir þrælabarna eru greiddar og þeim komið í almenna skóla eftir ærna baráttu við spilt kerfi. Á barnaþingum þjálfast þau í rökfærslu, kynnast indversku stjórnkerfi og þroskast til baráttu fyrir réttindum sínum. Foreldrar fá stuðning og aðhald til að afla meiri tekna og halda börnum sínum frá vinnu. Börn og foreldrar læra að spara fyrir útgjöldum í stað lána frá vinnuveitendum sem hneppa í ánaud. Eldri börn fá að læra eitthvað hagnýtt, eins og viðgerðir, ensku eða vélritun. Hjá Sameinuðu indversku kirkjunni sækja börn skóla og heimavist. Þaðan útskrifast þau vopnuð til baráttu fyrir mannsæmandi lífi. Í Úganda vinna samstarfsaðilar að því að finna munaðarlaus börn sem hefur verið sópað bak við hurð þar sem enginn hirðir um þau. Foreldrarnir eru dánir úr alnæmi, allar eigur seldar fyrir lyfjum og mat, kofinn að hrúni kominn, börnin hrædd og ein. Þau fá hús sem þau geta læst fyrir ókunnugum og yljað sér þrátt fyrir rigningu og næturkulda. Þau fá helsta innbú og best af öllu þykir þeim að fá vatnstank fyrir rigningarvatn af þakinu. Ráðgjafi heim-sækir þau reglulega og hjálpar þeim að finna leið til að framfleyta sér. Sum læra að sníða og sauma, önnur að vefa strámottur eða smíða og múra. Þeim stendur einnig til boða hópvinna með fagfólki til að vinna sig út úr áföllunum sem þau hafa upplifað.

Inland

- ✿ Fræðsla til foreldra um ótímabærar giftingar dætra, kynþroska, heimanmund ofl.
- ✿ Heilsugæsla í skólum, næringarríkar máltíðir, verndað umhverfi
- ✿ Barnaþingmenn og -ráðherrar koma baráttumálum sínum í gegnum kerfið
- ✿ Sumarnámskeið, kröfugöngur, sýndarréttarhöld gegn barnaþrælkun

Úganda

- ✿ Öruggt húsnæði fyrir munaðarlaus börn
- ✿ Saumanám, mottu- og körfugerð, smíði, bíla- og hjólaviðgerðir fyrir eldri börn
- ✿ Allir læra um jarðrækt, undirstöðuframfærsluna

Indland

- ✿ Fólkið berst nú sjálft fyrir vatnsréttindum, landi til að búa á, útgáfu nauðsynlegra skilríkja
- ✿ Námskeið fyrir konur um réttindi í velferðarkerfinu
- ✿ Mikil fræðsla og áróður gegn barnabruðkaupum

Eþíópía

- ✿ Náið samstarf, námskeið og þjálfun fyrir opinbera starfsmenn til að þekkja betur afleiðingar fátæktar og veita betri þjónustu
- ✿ Konur þjálfaðar í að greina atvinnutækifæri, fá lán, aðstoð til að byrja og öðlast efnahagslegt sjálfstæði
- ✿ Unnið gegn skaðlegum hefðum varðandi konur og börn og um leið fyrir mannréttindum Alnæmissjúkum hjálpað að koma fram og taka þátt í fræðslu um HIV-smit

Malaví

- ✿ Lögregla og þorpsleiðtogar þjálfaðir til að taka á ofbeldi gegn konum og veita þolendum stuðning
- ✿ Jafnréttisnefndir fræða um heimilisofbeldi og aðgerðir gegn því
- ✿ Skapaður vettvangur fyrir alnæmissjúka til að koma fram með sögu sína og draga úr fordómum
- ✿ Fólki á jaðrinum skapað pláss til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri

Réttindi og skyldur – hvers má vænta

Fólk veit vel hvers það þarfnast og segir gjarnan frá því þegar eftir því er leitað. Svo er það okkar að styðja framkvæmdir. En aðeins að styðja, því mikilvægast er að virkja fólk sjálft til ábyrgðar. Þess vegna verður þróunarsamvinna Hjálparstarfsins æ réttindamiðaðri. Þá er fólk gert kleift að verða virkir þjóðfélagsþegnar með réttindi, væntingar og ábyrgð. Slík nálgun, vinnuaðferðirnar, efla vald og áhrif hinna fátæku. Svo margir eru áhrifalittir, jafnvel um eigið líf; fátækir, konur, ekkjur, börn, fatlaðir, sjúkir, frumbyggjar. Með því að benda á og berjast gegn óréttlæti í löggjöf, stefnumótun og samfélagsuppbyggingu fá undirokaðir meiri möguleika til að stjórna eigin lífi. Réttindamiðað hjálparstarf þýðir líka að fólk lærist að gera stjórnvöld ábyrg fyrir því starfi sem þau eiga að inna af hendi. Sama á við um hjálparsamtök. Þeirra vinnubrögð þurfa að vera skýr og öllum ljós. Virkir kvörtunarferlar þurfa að vera fyrir hendi. Nálgunin krefst meiri ábyrgðar allra. Aðstoðin verður sjálfbærari. Viðhorf-breyting er að eiga sér stað. Bæði kynin taka jafnan þátt í verkefnum Hjálparstarfs kirkjunnar, öðlast sömu eignartilfinningu og njóta afrakstursins.





Eþíopía

- ✿ Unnið með íbúum að því auka vitund um hringrás vatns, verndun þess og hlutverk gróðurs í að hefta jarðvegseyðingu og halda í raka
- ✿ Námskeið fyrir bændur um nýtingu lífræns úrgangs til að halda næringarefnum í jarðvegi
- ✿ Vettvangsferðir „til að sjá með eigin augum“ nýj-ungar og leiðir sem virka í umhverfisvernd

Malaví

- ✿ Námskeið um lög og reglur um vatn, verndun þess og ábyrgð einstaklingsins
- ✿ Leiðtogaþjálfun til ýta undir gott fordæmi og aðferðabreytingar sem hlífa unhverfinu
- ✿ Kennt að gera lífrænan bíómassa til að auka næringargildi jarðvegs

Indland

- ✿ Stéttlausir berjast fyrir rétti til drykkjar- og áveituvatns
- ✿ Barátta fyrir vernd fljóta
- ✿ Umhverfisfræðsla í skólum samstarfsaðila

Umhverfisvernd er forsenda framtíðar

Umhverfisvernd er ekki aðeins nauðsynleg til allrar framtíðar heldur er hún mikilvæg forvörn gegn sífelldum náttúruhamförum á borð við flóð og þurrka. Því er umhverfishugsun ráðandi í öllum þróunarverkefnum Hjálparstarfsins. Fólki er frætt um samhengi hlutanna. Hvernig vatnið fer úr jörðinni um leið og trén. Hvernig næringarefni jarðvegsins hverfa þegar aðeins er tekið af en engu bætt í. Og fólkið þarf vatn og góða uppskeru. Þess vegna er því kennt að planta græðlingum og rækta upp árbakka og önnur vatnasvæði. Stallar eru gerðir bæði til að vatn flæði ekki fram heldur hafi tíma til að síga í jörð og til að til að rækta á, svo jarðvegur skolist ekki burt. Sum slík tré má svo nytja eftir að grisjað er. Trén bera sum ávöxt og þau veita matjurtum skugga. Tegundir eru ræktaðar á víxl til að draga úr næringartapi í ökrum. Gróðurleifar og tað er nýtt í moltu og áburð. Sparhlóðir til eldamennsku verða útbreiddari. Þær þurfa helmingi minna eldsneyti. Náttúruleg hringrás verndar líf og auðlindir.



„Það sem er svo sorglegt við flóðin í Pakistan er að þau bitna á þeim allra fátækustu. Fátækir hafa alltaf búið á svæðum þar sem hamfarir dynja. Það eru staðirnir sem þeir hafa efni á að búa á – á flóðasléttum og nálægt eldfjöllum.“

Marvin Parvez ACT Alliance

„Árið 2010 háði meirihluti mannkyns daglega baráttu fyrir lífi sínu, hvort sem var vegna síhækkandi matvælavæðis, lélegs stjórnarfrars, spillingar í stjórnmálum eða áhrifa hlýnunar jarðar – sem hefur kostað röð náttúruhamfara eins og þurrka, flóð og landeyðingu.“

John Nduna framkvæmdastjóri ACT Alliance

Flóð í Pakistan

- ✿ Bráðabirgðaskjólafni, moskítónet, teppi og fót
- ✿ Matur og matarílát, vatnsdunkar
- ✿ Fræ og áhöld til jarðræktar
- ✿ Heilsugæsla og hreinlætispakkar

Hungur og vatnsskortur

í Eþíópíu

Samhliða þróunarstarfi í Jijiga í Eþíópíu þarf að veita all nokkra neyðaraðstoð til þess að þróunarverkefnið gangi og skili árangri. Hún fól í sér eftirfarandi:

- ✿ Keyra vatn í þorp
- ✿ Kenna aðferðir og innleiða aðgerðir til að sporna gegn þurrum jarðvegi s.s. með trjárækt og steingörðum.
- ✿ Tengja opinbera starfsmenn og íbúa einangruðu svæða til betri þjónustu
- ✿ Kenna geymsluaðferðir til að nýta betur fæðu og vatn.

Árangur með **actalliance**

Í janúar 2011 lauk fyrsta starfsári ACT Alliance þar sem kraftar bæði neyðaraðstoðar og þróunarmálsins voru sameinaðir. Í 140 löndum unnu 33.000 starfsmenn og sjálfboðaliðar sem tilheyra 111 ACT-aðilum ACT Alliance fyrir fórnarlömb hamfara, stríðs og átaka. ACT Alliance barðist gegn óréttlæti á alþjóðavettvangi og náði eftirtektarverðum árangri á sviði lagasetningar og í efnahagsmálum. ACT-aðilar í hverju landi mótuðu með sér samráðsvettvang og í löndum þar sem fáir starfa, nær sá vettvangur yfir stærri svæði. Þannig nýttist þekking allra betur, sérþekking kemst á framfæri, fleiri koma að lausnum, samhæfing og verkaskipti verða skýrari og starfið markvissara. 40 slík forum eru lykkill að þróun og árangri ACT. Þau hafa áhrif langt út fyrir sitt svæði, meðal annars á stefnumótun ACT Alliance í heild.

Mestum fjármunum varði ACT Alliance í verkefni í Suður-Ameríku, því næst í Asíu og á Kyrrahafseyjum og loks í Afríku. ACT veitir alla aðstoð án nokkurra skilyrða eða aðgreiningar. ACT Alliance fylgir alþjóðlegum stöðlum eins og SHPERE um neyðaraðstoð, ströngum siðareglum auk eigin staðla um sífelld endurmat á veittri aðstoð.

www.actalliance.org





Mannsæmandi leið – matarkort og meiri ráðgjöf innanlands

Mörgum hefur þótt niðurlægjandi að standa í röð við dyr hjálparstofnana og þiggja mat í poka. Sumir áttu auk þess erfitt með það sakir veikinda eða fötlunar. Börnum var það ekki góð fyrirmynd. Raddir urðu háværari um breytingar. Hjálparstarfið tók áskoruninni og reið á vaðið. Undir lok starfsársins var matarbúrinu lokað og í staðinn tekin upp inn eignarkort í matvöruverslunum, á landsvísu eins og áður. Kostnaður jókst og því var farin sú leið að afhenda þau einungis barnafólki – og einstaklingum aðeins þar sem ekki störfuðu önnur félög sem gáfu mat. Áfram stóð öllum til boða lyfjaaðstoð, menntunarstyrkir og fleira og allir hvattir til að þiggja ráðgjöf. Bætt var við dýpri einstaklings- og fjölskylduráðgjöf en félagsráðgjafar gátu veitt samhliða afgreiðslu umsókna. Fjármálaráðgjöf með lífsleikniívafi var boðin og markþjálfun. Allt ókeypis. Ráðgjöf var vel nýtt. Ungmennum sem fengu styrk úr Framtíðarsjóði til að ljúka starfsréttindum eða komast í lánshæfs nám fjölgaði enn. Ánægjulegt er að fleiri skuli vita um þennan möguleika. Nýir samstarfsaðilar komu til og veittu fjölda barna og fjölskyldna þeirra ánægjustundir með miðum í leikhús, bíó, ferð á veitingastað, í sund eða í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn. Hjálparstarfið stóð fyrir jólaaustöð í samvinnu við aðrar hjálparstofnanir og félög sem vinna með fólki innanlands.

- ✿ Mataraðstoð veitt 5.114 fjölskyldum í 10.915 úthlutunum
- ✿ Meiri fjármunum veitt til lyfjakaupa og læknisþjónustu
- ✿ 14 börn fengu gleraugu
- ✿ 76 börn úr 19 sveitarfélögum fengu styrk vegna tólmstunda og sumargjafir og tugir barna gjafabréf til fatakaupa
- ✿ 400 börn fengu stuðning vegna skólabyrjunar
- ✿ Í hverri viku fá um 20 fjölskyldur á sig föt




Breytendur á flugi

Breytendur – Changemaker, ungliðahreyfing Hjálparstarfsins, fræðsludeildar kirkjunnar og Æskulýðssambands kirkjunnar í Reykjavíkurbrofastsdæmum, færðu út kvíarnar með stofnun nýs hóps í Grafarholti í Reykjavík. Þá starfa fjórir fastir og lausir hópar. Krakkarnir hömruðu á nauðsyn sanngjarnra viðskipta við fátæka bændur og framleiðendur í þróunarlöndum. Þeir könnuðu Fairtrade-vöruúrvalið í helstu verslunum á höfuðborgarsvæðinu og skoruðu á þær að gera betur. Þeir stóðu fyrir ljósakvöldi fyrir systursamtök sín í Noregi sem börðust gegn olíuáþjánni, fræddu gesti á landsmóti æskulýðsfélaga kirkjunnar um baráttu sína fyrir sanngirni, héldu námskeið og skerptu á markmiðum sínum og framtíðarsýn. Breytendur eru fyrir alla sem vilja vinna að sanngjörnum heimi, rétta hlut íbúa Suðursins gagnvart þeim í norðri. Þar gildir að leggja sitt af mörkum og hafa gaman. Allir á aldrinum 15-25 ára eru velkomnir. Breytendur eiga systursamtök á Norðurlöndum og sækja þangað námskeið og fræðslu.


Verkefni

- ✿ Könnuðu Fairtrade-vöruúrval og þrýstu á að það yrði aukið
- ✿ Tónleikar og fræðsla við Laugardalslaug á degi vatnsins
- ✿ Námskeið fyrir nýliða og fræðslu fyrir nýjan hóp á Akureyri um hugsjón Changemaker
- ✿ Voru með í Friðargöngunni með Fairtrade-spjöld og kynningar
- ✿ www.changemaker.is


Tekjur námu 324,6 milljónum króna



193,5 milljónum varið til verkefna



Ráðstöfun til verkefna og kostnaður nam 270,9 milljónum



Söfnunarfé og útgjöld

Tekjur stofnunarinnar frá 1. júlí 2010 til 30. júní 2011 námu 324,6 milljónum króna. Safnanir voru þrjár: söfnun fermingarbarna í nóvember, jólasöfnun og páskaöfnun. Fastir styrktarmenn, prestar og sóknir gefa regluleg framlög. Styrktarlínur í fréttablaðið, kertasala, minningarkort og gjafabréf skila einnig mikilvægum tekjum til starfsins.

Framlög til verkefna

95,5 milljónum var varið til þróunarverkefna og 16,5 milljónum til neyðarhjálp. 68,7 milljónum var varið til verkefna innanlands auk gjafamatvöru að áætluðu verðmæti um 6,5 milljónir. Fræðslu- og kynningarstarf kostaði 12,7 milljónir. Af söfnunarfé sem eftir er í lok starfsársins, 271,4 milljónum króna, hefur stofnunin skuldbundið sig til að greiða um 206 milljónir vegna langtímasamninga um erlend verkefni. Síðasta samningi við Þróunarsamvinnustofnun Íslands lauk á árinu en stofnunin greiddi 60% kostnaðar við verkefnið í Eþíópíu. Framlags ÞSSÍ nýtur því ekki lengur við en á móti kemur að safnanir hafa gengið vel og náði stofnunin settum fjáröflunarmarkmiðum.





English Summary

One link in a strong chain

Icelandic Church Aid, founded in 1970, initiates and coordinates development work on behalf of the National Church of Iceland and provides material aid and counselling to Icelanders in need. ICA has seven staff members, is governed by a council of representatives that meets twice a year and an executive board of five members. ICA funds projects at home and abroad, bilaterally and through its membership of the Lutheran World Federation, an alliance of 145 churches and church related organizations in 79 countries, representing over 70 million people. LWF runs successful development work in 34 countries. Through LWF, ICA has access to expertise in a very specialized field and is able to direct funds to the poorest of the poor. All work is in close partnership with local organizations and the people at the grassroots level www.lutheranworld.org. ACT Alliance coordinates emergency assistance on behalf of LWF and World Council of Churches, as well as long-term development projects and strong advocacy. ACT works to influence government policies and international organisations for the benefit of developing countries. ACT Alliance is composed of 111 member organisations, employing 33,000 staff and volunteers. Members work in 140 countries and mobilize approximately \$1.6 billion each year. This year, through ACT Alliance, ICA helped flood victims in Pakistan and those suffering drought and hunger in Ethiopia. www.actalliance.org

Water – to build on

Water is scarce in all our intervention areas in Africa: Ethiopia, Uganda and Malawi. Thus water is the basis of all our work, supporting other components. This year ICA funded water tanks, borehole rehabilitation and trained water committees for the maintenance of wells and their surroundings. Purifying tablets were distributed where surface water is used. Latrines were built, hygiene and sanitation taught and practiced for personal needs and the cleanliness of the home and its surroundings. With more water accessible, irrigation sustained diverse new crops though drought was never far off and emergency assistance was given intermittently. Tools were supplied as well as training in processing and storing of harvests, food and water. Animal husbandry increased, with training in care, as low productivity and diseases are constraints on farming. Paravets had refresher training in diagnoses and treatment. Tradi-

actalliance

Mission

Members of the alliance work together for positive and sustainable change in the lives of people affected by poverty and injustice through coordinated and effective humanitarian, development and advocacy work. We work with and for people of all faiths and none.

tional birth attendants also had refresher trainings involving the use of clean water and sterilized equipment. A borhole within easy reach saves time. More girls were able to go to school, mothers had more time for childrearing, food production and economic activities. Health improved notably. Special cisterns were made to water animals, decreasing considerably the danger of disease transmission.

HIV and AIDS – still so much to do

To counter the devastating effects of HIV/AIDS, ICA provided AIDS orphans with material and psycho-social help. New housing is provided, household items, beddings, mosquito nets, schoolbooks, tools, seeds and much more. But probably most importantly – regular counselling is offered and special trauma counselling in groups for those who need it. Volunteers are trained, thus capacity is built locally. Traditional birth attendants play a very important role in reducing the risk of HIV-transmission and reinforcing hygiene practices that reduce opportunistic infections. Much needed discussions were continued with the community and leaders to inform about HIV/AIDS, promote testing and support change in sexual behavior. HIV positive people were more involved, simply by coming forth – and telling their stories as many are still convinced that HIV does not exist in their region. This proved to be effective as the reduction of the number of HIV positive people had come to a halt in many areas. New ways to reach the communities were needed and involving them proved to be successful. Patients were supported to access anti-retroviral medicine regularly as most live in remote areas. Through our projects, government staff is continually trained to recognize and work with the infected and affected, dealing with the social and economic effects of AIDS.

Growing up and taking responsibility

This year ICA funded the work of an Indian human rights partner releasing Dalit and tribal children from bonded labour and enrolling them in school. The project is complex for long term results, including evening schools, rights education for children and parents and lobbying of government, the public school system, employers and the public to help abolish child labour and promote acceptance of dalit and tribal children in public schools. Parents are helped to generate more income so they will not need loans, thereby ushering their children into bonded labour. Children and parents save for school expenses and our partners give out matching grants. Pre-schools for the youngest instill the habit of going to school and teach parents about the benefits of education versus the children following them to unsafe work places.

Every aspect is thought through to avoid all possible pitfalls, as children dropping out, parents cashing a new loan or employers' intimidation. Awareness raising and encouragement to take action is a constant component of the project. Parents need to be informed about the dangers of child marriages, official benefits available in different situations and much more no one has cared to promote to this class of people. The open university for Dalit youth that ICA has supported for many years was closed this year. Effective agreements with other schools in the area were established to open their gates to this group and cater to their special needs such as strengthening their self-esteem and meeting their needs for study support. They may be the first in their family to be registered in school and poverty is always a steady reason for dropping out and starting to work. For the short term, a little money may be better than none. If they finish their education, partnership with enterprises in the area have been established and they have real job opportunities upon graduation. ICA supporters also sponsor children in boarding schools for primary, secondary and even university studies. Education, meals, care and time to play offer an otherwise lost childhood. Partners in Africa work with orphaned children struggling with adult responsibilities, taking care of younger siblings as the heads of household. They are helped to support themselves through agriculture and other means where education and tools are provided and opportunities created. In all our projects children also benefit indirectly through their parents.

Owning one's life – having a choice

Our beneficiaries all live in absolute poverty in the harshest environments, desert areas, flood plains or near volcanos. Not because it is their choice. It is all they can afford. To develop their skills to fight for their own rights, ICA's development aid is becoming more and more rightsbased. Drilling for water, food production, health-care, education, is never just that. Beneficiaries participate fully in projects, learning not only new methods and improving their daily lives, but most importantly about their rights and how to claim them. They learn about laws and customs that keep them in poverty and how to change them. Our partners form workers unions for those that have been systematically excluded and have missed out on rights and benefits offered. We train people, especially women, to assess their situation, put their ideas into words and claim their place at the decision making table. Extensive work is done with traditional and religious leaders, government agents and institutions to influence behavior change and recognize the various aspects of poverty and how funds and services can be channelled to reduce it. Our partners in India train



children in bonded labour to become future leaders. They participate in The Children's Parliaments to learn about their rights and how to fight for them in a democratic society. This work has been fruitful in many instances and instills dignity and resolution in those we work with.

Understand and protect the environment


The environment may not be a top of list item when food is scarce and water foul. But sustainability is at the core of the work ICA helps to fund though beneficiaries all live in absolute poverty. Environmental protection is integrated into water and livelihood schemes; teaching, training and tools work together to conserve soil along with new species for food and fodder and inter-cropping, manure as fertilizers, tree nurseries, water harvesting and hygiene. In our projects, government agents, traditional leaders and beneficiaries are all trained about local and international law on conservation, responsible and equitable use of natural resources, along with disaster preparedness linked to drought and floods. Bringing them together links duty bearers and rights holders, increases understanding, explains shortcomings and smoothes cooperation. People now understand how water, soil and trees, crops and refuse are all linked together. They understand how a different approach in one area leads to more success in another. Our partners in India campaign for water resources, against pollution and unsustainable use by government and global enterprises to the detriment of the local population.

Far AND near – domestic aid


ICA provides assistance all over Iceland through pastors and social workers. Single parents, the unemployed, the disabled and others with low incomes or living off benefits seek assistance with food, medical bills, clothing, school and hobby necessities for their children and more. The number of beneficiaries rose sharply following the fall of Icelandic banks and the economic crisis in 2008. And they are still high. But for the first time since the onset of the crisis the number of those seeking assistance for the first time, has decreased. ICA seeks to be professional in its interaction with people in need, responding to individual cases in an appropriate way. Interviews, preceding every delivery of assistance, provide important information. Through them ICA can constantly monitor the situation and adapt it's aid to needs. This year food packages were replaced by prepayed credit or gift cards to food stores. Not as cost effective but showing recipients more dignity in them being able to choose their own food, this assistance had to be limited to families with children. In areas where more




Total Expenditure 270,9 million IDR



Total Income 324,6 million IDR



Expenditure for Projects 193,5 million IDR



organisations give food, others are referred to them. Otherwise they will also be assisted. All applicants are encouraged to go for counselling, a part of ICA's service that has much increased. Deeper, long term family and individual counselling, financial counselling and life coaching are all well appreciated options. Several youngsters receive special support to finish secondary schooling and adults are supported in rehabilitation and further studying to be able to join the job market. Professional care and the recording of relevant data helps ICA lobby for support measures from government and municipalities on the basis of reliable data.

Changemakers – youth for justice and equality

Changemakers, ICA's youth movement, fights global warming, unfair trade, debt, violence and HIV/AIDS, with positive actions in their home country, Iceland. They visit schools, organize workshops and happenings, publish brochures, aim to influence the government and engage the public in conversation. Sometimes they simply like to have fun doing good. They cooperate with their counterparts in Norway and other countries. Changemakers expanded this year forming a new group in Reykjavík and conducted a Changemaker-seminar for a group in Akureyri. Participants are 15-25 years old working for a better world.



Goats among the party guests

Ever been to a party with a goat under your arm? Or a bucket of water on your head? You should try it. We know from experience that goats are perfect party guests and water is always refreshing. Get a gift certificate from us; for a goat, some chicken or a sowing machine. Write your message to the birthday child, the wedding couple or the graduate and tell them that today an orphaned child or a poor farmer's family got a gift in their name. Present the certificate at the party or send it. We can also print your text and send it wherever you wish.

Buying a gift certificate is easy on www.gjofsemgefur.is

Do it all at home or call us; tel. 528 4400. We speak english, heavenish and earthish.

Got your glass of milk and cookies? Still up by the computer?

Check www.framlag.is to make a donation on-line for a project of your choice. Or if you are already in bed, call us first thing in the morning; tel. 528 4400. There is always time for a quick donation.

Sumum gjöfum þarf ekki að pakka inn

Af heimasíðu Hjálparstarfsins, www.help.is, færðu allar upplýsingar um starfið og þaðan getur þú sent minningarkort, keypt gjafabréf eða gefið framlag. Hjálparstarf kirkjunnar er sjálfseignarstofnun.

Geitur eru góðir gestir – gefðu gjöf sem gefur

Geitur Hjálparstarfsins hafa farið í svo mörg afmæli að á þeim er engin tala lengur. Þær hafa verið óvæntir en kærkomnir gestir, bæði krúttlegar og gagnlegar. Afmælisbörnin, gestgjafarnir, eru himinglaðir því þeir sjá að andvirði geitabréfsins sem þeir fá í hendur frá Hjálparstarfinu, fer til fátækrar fjölskyldu í Afríku. Sú þarf sannarlega á búbót að halda.

Á gjafavefnum okkar www.gjofsemgefur.is getur þú valið úr 35 ólíkum gjöfum á verðbilinu 1.300 krónur til 150.000 króna. Farðu í næsta fagnað, hvers kyns sem hann er, með saumavél undir handleggnum, nú eða vatn í skjólu eða sumargjöf til barns á Íslandi. Þeir sem allt eiga, og jafnvel hinir, verða kampakátir með gjafabréfið – kátir að hafa orðið tilefni þess að einhver fátækur fékk happdrættisvinning. **GJÖF SEM GEFUR** gleður, seður og hlýju vefur.

www.framlag.is

Ef ekkert sérstakt stendur til, þá smellir þú þér inn á framlag.is og velur málefni sem þú vilt styrkja. Þörfin er alltaf til staðar og þessi leið er svo ótrúlega einföld. Eða hringdu bara til okkar. Við gerum þetta allt í gegnum síma líka: **528 4400**.

Fréttablaðið okkar, **Margt smátt**, kemur út fjórum sinnum á ári. Áskrift er ókeypis. Tvisvar er blaðið sent heim og tvisvar birtist það sem aukablað með dagblaði og berst þannig til landsmanna. Viltu auglýsa í blaðinu? Það styrkir upplýsingastarfið og við vitum að aðgerðir eru ávöxtur þekkingar.

Stjórn og starfsmenn

Hjálparstarfs kirkjunnar 2010-2011:

Stjórn:

Þorsteinn Pálsson formaður
Lóa Skarphéðinsdóttir hjúkrunarfræðingur
Páll Kr. Pálsson verkfræðingur

Varamenn:

Hrafnhildur Sigurðardóttir fyrrv. útibússtjóri
Elínborg Sturludóttir prestur

Starfsmenn:

Jónas Þórir Þórisson framkvæmdastjóri
Áslaug Arndal skrifstofustjóri
Anna M. Þ. Ólafsdóttir verkefnastjóri
Vilborg Oddsdóttir félagsráðgjafi
Atli Geir Hafliðason matarbúr, friðarljós
Bjarni Gíslason upplýsingafultrúi
Eldey Hrund Jónsdóttir félagsráðgjafi
Þorsteinn Valdimarsson framkvæmdastjóri Breytanda

Heimilisfang:

Háaleitisbraut 66, 103 Reykjavík.
Sími: 528 4400 / fax: 528 4401 Sími: 528 4400 / fax: 528 4401

Ljósmyndir:

ACT Alliance/Paul Jeffrey bls. 2 og 15
Hjálparstarf kirkjunnar: aðrar myndir

Hönnun: Margrét E. Laxness

Prentun: Ísafoldarprentsmiðja



Heimasíða: www.help.is

Gjafabréf: www.gjofsemgefur.is

Framlög: www.framlag.is

Ungliðahreyfing: www.changemaker.is